

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 2001

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar voru suðlægur áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 8.9 stig, 14. janúar. Lágmarkshiti var -11,1 stig, 29. janúar. Meðalhiti í janúar var -0,15 stig. Meðalsnjódýpt var 60 cm, mest 65 cm., 2. og 3. janúar. Úrkoma í janúar var 56.1 mm, mest 27.7 mm, 1. janúar. Meðalvindhraði í janúar voru 7.2 hnútar. Sólin sást fyrst 9. janúar.

Í febrúar bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 8.2 stig, 18. febrúar. Lágmarkshiti í febrúar var -13.6 stig, 9. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -2.54 stig. Meðalsnjódýpt 13 cm., mest 17 cm, 7, 8, og 28 febrúar. Úrkoma í febrúar var 36.3 mm, mest 7.2 mm, 2. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar voru 6.8 hnútar.

Í mars bar mest á suðlægum og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 4.2 stig, 9. mars. Lágmarkshiti var -15.4 stig, 24. mars. Meðalhiti í mars var -4.65 stig. Meðalsnjódýpt var 30 cm, mest 38 cm, 7. mars. Úrkoma í mars var 78.0 mm, mest 22.4 mm, 4. mars. Meðalvindhraði í mars voru 5 hnútar.

Í apríl bar mest á sunnan- og suðaustanáttum og norð- og norðvestlægum áttum. Hámarkshiti mældist 11.3 stig, 19. apríl. Lágmarkshiti var -16.4 stig, 11. apríl, sem einnig var mesta frost, sem mældist á árinu. Meðalhiti í apríl var -0.09 stig. Meðalsnjódýpt í apríl var 41 cm, mest 47 cm, 7. apríl. Úrkoma í apríl var 37.4 mm, mest 13.2 mm, 22. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 4.6 hnútar. Skógarþröstur kom 5. apríl, svanir komnir 12. apríl, gæsir 13. apríl, lóa 20. apríl, hrossagaukur 22. apríl og maríuerla 28. apríl.

Í maí voru suðlægur og norðvestlægur áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 18.9 stig, 10. maí. Lágmarkshiti var -5.3 stig, 3. maí. Meðalhiti í maí var 5.70 stig. Snjór mældist á jörðu í 9 daga í maí, mest 11 cm, 2. maí. Úrkoma í maí voru 25.3 mm, mest 5.7 mm, 29. maí. Meðalvindhraði í maí voru 7.5 hnútar. Laufgun trjáa sjá kafla 2.1. Tún farinn að grænka 19. maí og algræn 29. maí. Úthagi farinn að grænka 28. maí. Spóinn kominn 12. maí.

Í júní voru norðlægur áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 19.9 stig, 24. júní. Lágmarkshiti var -3.1 stig, 13. júní. Meðalhiti í júní var 8.17 stig. Úrkoma í júní var 38.1 mm, mest 16.9 mm 6. júní. Meðalvindhraði í júní voru 5.7 hnútar. Úthagi talinn algrænn 18. júní. Norðan áhlaup með snjókomu gerði 5. júní.

Í júlí bar mest á norðaustlægum áttum og hægviðri. Hámarkshiti mældist 20.0 stig, 7. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 0.2 stig, 13. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.01 stig. Úrkoma í júlí var 47.9 mm, mest 13.6 mm, 10. júlí. Meðalvindhraði í júlí voru 4.1 hnútar. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 7. júlí. Þrumuveður var 8. júlí.

Í ágúst voru breytilegar áttir og hægviðri, þó nokkuð bæri á norðaustanátt. Hámarkshiti mældist 18.3 stig, 19. ágúst. Lágmarkshiti var 0.5 stig, 28. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 8.70 stig. Úrkoma í ágúst var 50.7 mm, mest 12.9 stig, 21. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 3.0 hnútar.

Í september voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 16.8 stig, 4. september. Lágmarkshiti var -3.6 stig, 28. september. Meðalhiti í september var 6.83 stig. Úrkoma í september var 40.5 mm, mest 6.6 mm, 30. september. Meðalvindhraði í september voru 5.5 hnútar. Um sölnun trjáa, má lesa í kafla 2.1.. Úthagi farinn að sölna 6. september. Gránaði í fjöll 16. september. Jarðskjálfti fannst 18. september.

Í október bar mest á suðaustan- og norðaustanáttum. Hámarkshiti mældist 12.0 stig, 9. október. Lágmarkshiti var -9,3 stig, 31. október. Meðalhiti í október var 3.03 stig. Úrkoma í október var 163.6 mm, mest 47.2 mm, 7. október. Meðalvindhraði í október voru 5.0 hnútar.

Í nóvember bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 12.6 stig, 9. nóvember. Lágmarkshiti var -14.9 stig, 28. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -0.76 stig. Úrkoma í nóvember var 84.0 mm, mest 19.8 mm, 27. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember voru 8.2 hnútar.

Í desember voru suðlæggar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 12.5 stig, 14. desember. Lágmarkshiti var 15.6 stig, 30. desember. Meðalhiti í desember var 0.20 stig. Úrkoma í desember var 63.1 mm, mest 21.7 mm, 28. desember. Meðalvindhraði í desember voru 6.7 hnútar.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2001

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-0,15	(-0,88)	56,1	(69,9)
Febrúar	-2,54	(-3,87)	36,3	(145,3)
Mars	-4,65	(-1,66)	78,0	(87,4)
Apríl	-0,09	(-1,20)	37,4	(25,0)
Mái	5,70	(6,25)	25,3	(19,9)
Júní	8,17	(9,05)	38,1	(19,4)
Júlí	10,01	(11,99)	47,9	(10,6)
Ágúst	8,70	(10,01)	50,7	(51,4)
Sept.	6,83	(6,30)	40,5	(52,9)
Okt.	3,03	(1,94)	163,6	(51,4)
Nóv.	-0,76	(-1,50)	84,0	(188,6)
Des.	0,20	(-2,86)	63,1	(74,4)
	2,87	(2,80)	721,0	(796,2)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2000

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept var 8,43 stig, en var 9,34 stig sömu mánuði 2000.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

14,5	-2,8	1,6	-2,6	21,6	-2,5
15,5	-3,0	2,6	-3,1	29,6	-1,0
16,5	-3,9	5,6	-0,3	13,7	-1,1
17,5	-0,9	6,6	-1,8	27,8	-0,5
18,5	-0,4	7,6	-3,7	28,8	-0,4
20,5	-1,6	10,6	-0,8	8,9	-1,4
22,5	-2,8	13,6	-4,3	9,9	-1,3
23,5	-6,2	14,6	-2,8	16,9	-1,7
24,5	-3,8	15,6	-0,2		
31,5	-0,4	16,6	-2,7		

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

7,7 20,0

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 8. maí, farið að grænka 13. maí og allaufgað 9. júní. Lerki byrjað að springa út 9. maí, farið að grænka 13. maí og orðið algrænt 3. júní. Einstaka grein á birki farin að sölna 20. ágúst, farið að fella lauf 20. sept. og að mestu lauflaust 7. okt. Lerki talsvert farið að gulna 25. sept, farið að fella barr 7. okt.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var í meðallagi þetta ár.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var mjög lítið þetta ár og engu birkifræi safnað. Nokkuð var af könglum á barrtrjám, en engu fræi safnað.

2.4. Skaðar

Áfram ber mikið á könguling í greni og mikill maðkur var á birki á Norðurlandi. Munur var þó nokkur á milli skóglenda.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðustu ár, þó heldur færri. Ráðskona á Vöglum var Fríða Arnþórsdóttir. Verkstjórar voru Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum, sem einnig er aðstoðarskógarvörður, Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku og Sigurpáll Jónsson í skógi. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf, auk þess sem hún vann í gróðrarstöð að hluta yfir sumarið. Guðrún Jónsdóttir vann við gróðrarstöð og frærækt auk veðurtöku. Aðrir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Teitur Davíðsson, en hann var við nám í skógarhöggi í Noregi fyrri hluta ársins. Elsa A. Sigfúsdóttir vann við gróðrarstöðina í Laugabrekku yfir sumarmánuðina og var þar í verknámi, vegna náms við Garðyrkjuskóla. Marta Svavarsdóttir hætti störfum í árslok, vegna aldurs, en hún hefur starfað hjá stofnuninni meira og minna frá árinu 1953. Ég vil þakka henni fyrir góða samvinnu og ósérhlífni í gegnum árin. Starfsmenn á launaskrá voru 17 þegar flestir voru.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 24.674.820, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 5.804.189, dagpeningar kr. 660.151, akstur kr. 473.893, ASÍ laun kr. 17.736.587.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var með minnsta móti þetta ár. Ekki var gert við girðingu á Sandhaugum heldur var girtur upp syðri hluti af girðingu að neðan (sjá nýgirðingar). Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 379.764, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 369.669, alls 429 vinnustundir. Kostnaður við smölun var kr. 86.356.

4.2. Nýgirðingar

Girt var ný rafgirðing á Sandhaugum að neðan, frá girðingu að sunnan og norðan, meðfram túni, ca. 300 m.

Kostnaður alls 186.524, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 144.393. Annar kostnaður kr. 42.131.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór fram í Vaglaskógi, Ásbyrgi, Reykjarhól og Þórðarstaðaskógi. Í Vaglaskógi var mest grisjuð fura í reit 355 og fellt birki úr sama reit. Ennfremur var grisjað birki við hjólhýsastæði, reit 57, og sagað birki sem brotnaði víða um skóginn. Í Ásbyrgi var grisjað í blönduðum skógi austan vegar og sagað fyrir göngustíg, sem liggur frá túnum að austan og inn í lerkilund inni í byrginu. Grisjuð var skógarfura yst austan við veg. Mest af viðnum sem kom eftir grisjun var kurlaður, en lerkid flutt í Vagli og nýtt í platta. Í Reykjarhól var grisjað norðan við veg og suður í furu að vestan og frá fjallaþin. Sagað var frá vegum. Í Þórðarstaðaskógi var grisjaður birkiskógur í Lautaskógi og grisjað birki og rauðgreni við aðalvegi norðan við Ysta Hólagil.

Felldur viður:

Birki	ca	100 tonn
Lerki	ca	10 tonn
Annað	ca	10 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	3,476	pk	Beðkurl saltp.	47 m ³
Arinviður litlir	91	pk	Beðkurl pk	50 pk
Smíðaviður	216,1	m	Rætur	3 stk
Reykingaviður	1,150	kg	Eldiviður	2 pk
Birkikurl/flís	4,925	kg		
Plattar	5,603	stk		

5.1.3. Birgðir í árslok

Birki (óunninn arinviður)	ca	14,000	kg	Birkikurl/flís	875 kg
Arinviður stórir		531	pk	Smíðaviður birki	345 m
Arinviður litlir		34	p	Reykingarviður	640 kg
Plattar óheflað birki		250	stk	Beðkurl	8 pk
Plattar óheflað lerki		1,010	stk	Staurar 5 fet	125 stk
Plattar heflað birki		715	stk	Staurar 6 fet	280 stk
Plattar heflað lerki		2,235	stk	Staurar óunnið 5 fet	97 stk
Viðarkol		210	kg	Staurar óunnið 6 fet	414 stk
Lerki (óunnið)	ca	1,000	kg		

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 5,098 og laun og launatengd göld kr. 4.397.867.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 7. nóvember og voru þau felld fram í desember, eftir pöntunum. Ekki voru seld jólatré í Varmahlíð fyrir þessi jól. Við þeirri sölu tók Flugbjörgunarsveitin. Alls voru felld 235 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Fellsskógur	79		2	44	92
Skuggabjörg	19	25			44
Vaglaskógur	3	2	11	12	28
Vaglir Þelamörk		55			55
Þórðarstaðaskógur	15		1		16
Alls	116	82	14	23	235

Seld tré					
Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Veggtré	15				15
070-100	1	2			3
101-125	13	11	3	2	29
126-150	30	29	15	1	75
151-175	8	20	3	4	35
176-200	11	3		1	15
201-250	4	1	1	1	7
251-300	7		1	1	9
301-400	3				3
401-500	1				1
501-600	1				1
	Alls	94	66	23	10
					193

Laun og launatengd gjöld vegna töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 255.333, alls 247 vinnustundir, annar kostnaður kr. 1,085, alls kr. 256.418.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	385,954	0	385,954
Greinar	35,020	0	35,020
Samtals	420,974	0	420,974

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var þann 24. maí í hús 1, rússalerki (2 kvæmi), stafafuru, sitkabastarði, blágreni, sitkagreni, rauðgreni og hvítgreni í FP40. Sáð var þann 20. júní í hús 1, birki (3 kvæmum) í FP40.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 94,615 græðlingum í FP35 bakka.

6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 2.256.242, beðplöntur voru seldar fyrir kr. 310.479 og afhentir styrkir og millifærslur fyrir kr. 190.883. Stungið var 3,962

sumargræðlingum og pottaðar voru 4,518 plöntur. Seldar og afhentar voru 5,318 pottaplöntur og 4,037 beðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 10,124 pottaplöntur árið 2002.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 157,297 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar fjölpottaplöntur	2,960,616
Millif. og styrkir	504,259
Alls	3,464,875

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár, sprautuð opin svæði.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir á árinu, aðeins viðhald.

6.8. Kostnaður

Laugabrekka	Kr.	Vinnust.
Plöntuuppeldi almennt	1,219,899	1,252
Fjölpottaplöntur	257,962	254
Pottaplöntur	122,422	114
Kjarasamningagjöld	103,615	64
Alls	1,703,898	1,684
Vaglir		
Afhending	258,580	236
Grisjun	304,500	333
Hreinsun bakka	80,089	99
Moldarfylling	242,350	290
Plöntuuppeldi almennt	152,563	114
Pottun	199,715	215
Sáning	104,148	88
Stiklingar beðræktun	6,068	9
Stiklingar inniræktun	13,069	15
Umhirða	1,155,021	1,303
Upptaka	32,411	46
Verkstjórn	803,757	657
Vetrarumbúnaður	138,580	153
Viðargræðlingar	384,549	459
Viðhald	43,984	54
Kjarasamningagjöld	164,802	143
Alls	4,084,186	4,214
Samtals Laugabrekka og Vaglir	5,788,084	5,898

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Vaglaskógur	Alaskasedrusviður		pt.		8	330-331
	Döglingsviður		pt.		20	“
	Fjallapínur		pt.		20	“
	Rauðgreni		pt.		8	“
					56	
Vaglaskógur Trjásafn	Pottaplöntur af ýmsum tegundum				79	Trjásafn
Vagllir Þelam	Döglingsviður		pt.		25	90,78,79,81
	Risalífviður		pt.		22	
	Rauðgreni	3/0	Hemnes	950007	1,840	424-426
					1887	
Þórðarstaðask Belgsá	Rússalerki	1/0	Hepoharju	200004	1,800	í mel vestan vegag.bústaða
Leiga Hálsm	Rússalerki	1/0	Hepoharju	200004	120	599
	Rússalerki	2/0	Vaglir	980058	360	“
					480	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu var kr. 102,818 alls 140 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Grundarreitur	kr.	12,216	18 tímar
Reykjarhóll	kr.	7,346	10 tímar

9. BYGGINGAR

Unnið var við nauðsynlegt viðhald á húseignum. Engar nýbyggingar voru á árinu og viðhald í lágmarki.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla og bifreiða var með svipuðu móti og síðustu ár, aðeins gert við það sem nauðsynlegast var. Vélar eru allar orðnar aldraðar og þurfa því sérstaka umgengni og nærgætni. Eins og fyrri ár vil ég benda á að mjög aðkallandi er að endurnýja stóra dráttarvél og fá ámoksturstæki til að vinnubrögð verði eins og hjá síðuðum þjóðum. Keypt var nýtt útdráttarspil og eru það miklar framfarir. Bifreiðar eru í nokkuð góðu lagi.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Norðurlandsskógar hafa nú tekið við þessu verkefni.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar voru þessi helst á árinu: Fór á fund með skógarvörðum á Selfossi, 5. janúar. Var á ráðstefnu um frostþol plantna ofl á Akureyri 11. og 12. janúar. Fór á skógarvarðafund á Egilsstöðum 15. janúar. Fór til Reykjavíkur 23. janúar á stjórnarfund Norðurlandsskóga og sat sameiginlegan fund landshlutaverkefna í Reykjavík 24. janúar. Fór vestur í Skagafjörð til viðtals við fulltrúa íbúasamtaka í Varmahlíð, 8. febrúar. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 15. febrúar. Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn um fjárhags- og starfsáætlun 16. febrúar. For vestur í Skagafjörð 10. apríl. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga 17. apríl. For austur í Egilsstaði 23.-24. apríl á starfsmannafund. Fór á fund í Landbúnaðarráðuneyti með skógræktarstjóra 30. apríl. Fór í Kristnes á fund með fulltrúum frá F.S.A og sveitastjórn 16. maí. Fór vestur á Hvammstanga með plöntur 20. maí. Sat stjórnarfund Skf. S-Þing. 26. maí. Fór í Varmahlíð með plöntur 29.-30. maí. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 1. júní. Fór til Reykjavíkur á fund í Þjóðskóganefnd 6. júní. Fór á fund með umhverfis og skipulagsnefnd í Skagafirði 11. júní. Fór í Skagafjörð með plöntur 13. júní. Fór með vegagerðarmönnun í Þórðarstaðaskóg vegna umhverfis dags þeirra 15. júní. Aðalfundur Skf. S-Þing. á Húsavík 16. júní. Fór í Skagafjörð 4. júlí. Fór með plöntur í Skagafjörð 6. júlí. Fór á fund í Egilsstaði um gróðrarstöðvar 9. júlí. Fór á Vagli á Þelamörk vegna gróðursetningar og fl. 12. júlí. Fór í Skagafjörð og Varmahlíð 18. júlí. Fór í Ásbyrgi með Sigurpáli, vegna fyrirhugaðrar grisjunar þar, 25. júlí. Fór með Sigrúnu og Guðríði um Þingeyjarsýslur, vegna heimsóknar ráðherra og fylgdarliðs, 26. júlí. Fór með stjórn og framkvæmdarstjóra og starfsmönnum Norðurlandsskóga í ferðalag með landbúnaðarráðherra, ráðuneytisstjóra og fl. um Þingeyjarsýslur 9. og 10. ágúst og sat aðalfund Landssamtaka skógarbænda á Hallormsstað 11. ágúst. Sat aðalfund Skf. Íslands 24.-26. ágúst í Reykjavík. Fór vestur að Fjósum í Svartárdal, vegna afhjúpunar minnisvarða, 1. sept. Fór vestur í Skagafjörð 5. sept. Fór vestur í Skagafjörð með Margréti að telja í gróðrarstöð með Mörtu 20. sept. Fór í Ásbyrgi vegna grisjunar 25. sept. Fór í Kristnes og mætti þar Ólafi Oddssyni og Georg Hollanders vegna skólaverkefnis 27. sept. Sat stjórnarfund Norðurlandsskóga 4. okt. Fór um Fnjóskadal til að merkja landamerki út af nýrri arðskrá í Fnjóská 15. október. Fór í Skagafjörð til viðtals við garðyrkjustjóra og hitaveitustjóra á Saðárkróki og tók með plöntur úr Laugabrekku 16. okt. Fór til Reykjavíkur á fund með Ólafi Friðrikssyni í landbúnaðarráðuneyti vegna gróðrarstöðvamála 18. okt. Fór í Skagafjörð vegna grisjunar og flutnings á plöntum úr Laugabrekku 19. okt. Fór til Reykjavíkur á fund í Þjóðskóganefnd 30. okt. Fór í Skagafjörð og hélt kaffiboð til að kveðja Mörtu Svavarsdóttur vegna starfsloka hennar 1. nóv. Fór á fund á Elliðavatn með skógarvörðum og þjóðgarðsvörðum 5. nóv. Fór í Egilsstaði ásamt Margréti vegna bókhalds ofl. 14.-15. nóv. Fór í Varmahlíð til að sækja plöntur 23. nóv. Stjórnarfundur í Norðurlandsskógum 20. des. Fór margar ferði á árinu til Akureyrar vegna ýmissa útréttinga. Ennfremur fór ég um skóglendi SR í S-Þingeyjarsýslu, sem ekki er upptalið hér.

12.2. Ferðafólk

Tjaldsvæðið var leigt Katli Tryggvasyni, Kristjáni Jóhannessyni og Agnesi Þ. Guðbergsdóttur þetta sumar. Fjöldi ferðamanna var í tæpu meðaltali þetta ár. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 8,964, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,922, í júlí 5,361 og í ágúst 1,681. Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 650,000. Laun og launatengd gjöld kr. 212,851, 268 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 226,638.

12.4. Annað

Frærækt hélt áfram í nýju fræhúsi og var unnið við að umpotta mestan hluta af plöntum eftir áramót. Vegna mikilla hlýindi í janúar þroskaðist brum á trjánum það mikið að ekki var annað ráðlegt en að halda húsinu frostlausu fram á vor með kyndingu. Töluvert af fræi kom úr húsinu þetta ár. Af birki komu 770 gr. af Fnjóskadalsbirki, 510 gr. af Fögruhlíðarbirki og 310 gr. af Mývatnsbirki. Af lerki komu 4.055 gr. af rússalerki og 800 gr. af fjallalerki. Þetta fræ var sent á Mógilsá í janúar 2002 eftir að búið var að klengja köngla og hreinsa fræið. Ennfremur kom lítilsháttar af fræi af trjám nr. 59, sem er blendingur af fjalla- og rússalerki. Þröstur Eysteinnsson stjórnar fræræktinni sem fyrr.

Ekki var mikið um heimsóknir þetta ár, en 24. maí komu í heimsókn Norðmenn með Öyvind og skoðuðu fræræktina. 31. ágúst komu fulltrúar á ráðstefnu Frö og planterád sem haldin var á Akureyri og þáðu veitingar. Þingmenn og sveitastjórn Hálshrepps héldu fund á Furuvöllum 24. október og ræddu meðal annars um starfssemina á Vöglum og skoðuðu fræræktina ofl. Bréf kom frá landbúnaðarráðherra til skógræktarstjóra þann 29. júní, þar sem hann tilkynnti að hætta bæri sölu á skógarplöntum úr gróðrarstöðvum SR frá og með 31. október 2001. Með þessari ákvörðum mun verða nokkur breyting á starfssemi SR á Norðurlandi, sem ekki verður tíunduð hér, kemur betur í ljós á næsta ári.

Ég vil þakka öllum hjá stofnuninni og samstarfsfólki á Norðurlandi fyrir gott samstarf á árinu.

14, febrúar 2002

Sigurður Skúlason, skógarvörður